

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Búðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Búðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald

Sorpeyðingargjald

kr.

6.000 á hvert sorpílát.

5.000 á hvert sorpílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Búðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 74/2000.

Fáskrúðsfirði, 6. mars 2002.

F.h. Búðahrepps,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiðju *Ísfélags Vestmannaeyja hf.*, kt. 660169-1219, til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Pingey ehf.*, kt. 500300-3290, til að reka fiskmjölsverksmiðju Óslands ehf., Höfn, Hornafirði. Starfsleyfið er gefið út í sam-